
legar orsakir geðsjúkdóma virðast jafnflóknar og viðkvæmar og þær efnabreytingar, sem eru forsenda andlegrar heilbrigði. Ólíklegt sýnist að einföld lyfjagjöf geti nokkurn tíma læknað geðveiki á svipstundu. Samt virðast endorfínin gefa nýjar vonir. Þau geðlyf, sem nú eru notuð, hamla gegn áhrifum dópamíns en langvarandi notkun þeirra hefir ýmsar slæmar aukaverkanir í för með sér. Meðal annars draga þau úr valdi manna á sjálfráðum hreyfingum og valda ósjálfráðum grettum. Enkefalín og endorfín virðast hamla gegn áhrifum dópamíns og noradrenalíns í heilanum með mikilli nákvæmni. Því er það von manna að efnasambönd hliðstæð þeim og öðrum peptíðum er verka í þeim hlutum heilans sem geðshræringar eiga sér stað, geri kleift að hafa áhrif á starf heilans án þess að raska jafnvægi hans, heldur styrkja það.

En þó að uppgötvun endorfínanna hafi mikið hagnýtt gildi og veki miklar vonir, eru þau okkur enn ein sönnun þess að við erum ekki það sem við viljum vera láta er við miklumst af persónuleika okkar, heldur erum við árangur fjölþættra efnabreytinga, sem hafa verið milljónir ára að þróast. Ef til vill starfar líkami okkar eins og hann gerir ekki aðeins vegna þess að hvatberar í heilafrumunum halda þeim í eðlilegu starfi, heldur vegna þess að endur fyrir löngu hafi það gerst í köldu hafi Devontímans að forfeður hringmunna öðluðust hæfileika til að skynja, og ef til vill muna sársauka þannig að þeir gátu látið það ganga í arf til afkomenda sinna. Síðan hafi heilafrumur hringmunna, nagdýra, prímata og loks frummanna smám saman farið að læra af sársauka og bregðast við honum með einhverjum vísi af tilfinningum, síðan minningum og loks hugsun þar til heilinn, sem við erum svo hreykin af, varð að því sem hann er nú.

Þýtt og endursagt:
Jón O. Edwald.

ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA

Eftir Goscinny og Uderzo. Birt í samráði við Fjölvaútgáfuna.



Radíóaktíft líf

Framhald af bls. 10

leggur konunnar eins og leysist upp eða hverfur inn í bakgrunninn og kynjamyndir hans. Blár bakgrunnur myndarinnar breytist og sveiflast frá dökkbláma næturhiminsins vinstra megin yfir í sólbjarta heiðríkju hægra megin. Allskonar kynjamyndir bera í þennan ljósa himinn, ekki ósvipað og er í mörgum myndum Kjarvals, sem lætur áhorfendum eftir að ráða í þær rúnir.

Þar sýnist sitt hverjum. Sumir sjá þar ekkert nema tilviljunarkennda ljósa bletti, en aðrir myndir og tákn, jafnvel svipmyndir úr sögu og af náttúrufari þessa landshluta, þarna inni í miðri Afríku.

Við efri jaðar myndarinnar, nær miðju, þykjast menn sjá vangamynd af síðskeggjuðum manni, með herforingjahúfu á höfði eða jafnvel kórónu. Þeir hinir sömu segja að vangasvipurinn og höfuðbúnaðurinn minni á alkunna mynd af Leopold 2. Belgíukonungi, sem muni hafa birst í íslenskum blöðum þegar rifjuð var upp forsaga Kongóríkis í sambandi við atburðina er þar gerðust veturinn 1960—'61. Framundan þessum tignarmanni sjá þessir myndskyggnu menn stríðsfák með hringaðan makka, ljósfextan og við hann lagt beisli. Á milli gangvarans og hins tigna riddara er S-laga lína, tvöföld að hluta með þverstriki sem minnir á $ eða dollaramerki. Þegar komið er að þeim hluta bakgrunnsins, sem framhandleggur konunnar hverfur í verða myndirnar margvíslegri, segja þessir skyggnu menn. Þeir segja, að þar megi greina skógardýr, hestshöfuð, asnahaus með áberandi eyrum o.fl. o.fl. Alltaf sjá þeir eitthvað nýtt í hvert skifti sem myndin er skoðuð.

Að lokum er svo að minnast á fangamark málarans. Það er í hægra horni, ofan við fót hins liggjandi manns, og er eiginlega á þrem hæðum. Efst kemur Jóh. með áberandi punkti á eftir. Útaf þessum stöfum kemur svo ártalið 1960. Þar fyrir neðan kemur S. með vænum punkti og neðst stendur svo Kjarval skýrum stöfum.

Rétt er að vekja athygli á tímasetningunni 1960. Verður ekki séð hvort átt er við árið 1960 eða veturinn 1960—'61, sem telja verður þó líklegra, þar sem þessi mynd virðist hvorki hafa verið á Noregssýningunni sumarið 1960 né heldur á Kjarvalssýningunni sem opnuð var í Listamannaskálanum snemma í febrúar 1961.

Áður en skilist verður við þessar hugleiðingar um sennilega kveikju að Kjarvalsmyndinni **„Kona með barn á armi“**, er skylt að geta þess, að ekkert af því sem á myndinni sést er óumdeilanlegt nema hin dökka kona; um allt annað verða menn að geta sér til. Allar slíkar getgátur hljóta fyrst og fremst að byggjast á tvennu. Annars vegar á hinum dæmalausa hæfileika að mála undir rós, ef svo mætti að orði komast, þar sem ímyndunarafli áhorfandans og hugarflugi er gefinn laus taumur og hins vegar á kynnum af hrifnæmum og samúðarfullum manni, sem finnst hann eiga hlutdeild í annarra glæpum, jafnvel þó að þeir séu drýgðir suður í Kongó.